



Akraneskaupstaður

REGLUR UM SÖLU EIGNA Í EIGU AKRANESKAUPSTAÐAR OG STOFNANA HANS

Í þeim tilfellum sem Akraneskaupstaður (deildir og stofnanir) hyggst afla heimilda til að selja eignir sem eru í eigu Akraneskaupstaðar og eru til afnota fyrir viðkomandi stofnun/deild skal fylgja eftirfarandi reglum sem samþykktar hafa verið af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar:

Almennar reglur og viðmið;

1. Við tilboð í eignir skal bjóðandi/tilboðsgjafi tilgreina fullt nafn, kennitölu og lögheimili ásamt símanúmeri og netfangi.
2. Kauptilboð skal tilgreint í tölustöfum og bókstöfum.
3. Seljandi lánar ekki hluta kaupverðs hins selda heldur fjármagnar bjóðandi kaupverðið með eigin fé og/eða fyrirgreiðslu frá lánastofnunum.
4. Kauptilboð skal dagsett og undirritað af bjóðanda og vottað af tveimur vitundarvottum.
5. Kauptilboð skal vera bindandi að minnsta kosti í 5 daga frá tilboðsdegi.
6. Áskilinn er réttur í eignaflokki 3 til að setja skilyrði um að fram fari tiltekin starfsemi í viðkomandi fasteign.
7. Áskilinn er réttur til að hafna tilboðum sem ekki uppfylla formskilyrði samkvæmt þessum reglum.
8. Áskilinn er réttur til að hafna tilboðum sem ekki teljast viðunandi af öðrum ástæðum.
9. Í auglýsingu skal taka fram hvar nánari upplýsingar eru veittar, skilafrest tilboðs ásamt öðrum þeim atriðum er söluna varða.
10. Áður en sölufarli hefst skal það kannað með fullnægjandi hætti að aðrar stofnanir kaupstaðarins hafi ekki þörf fyrir viðkomandi hlut, þar sem það á við.
11. Þegar áætlaður kostnaður við sölu hlutar er hærri en söluandvirði hans er heimilt að ráðstafa honum á sem hagkvæmastan hátt með samþykki bæjarstjóra.

Framangreind ákvæði gilda um sölu eigna í einstökum eignaflokkum hér að neðan.

1) **Minni lausafjármunir (< kr. 300.000.-)**

Kannað sé verðmæti viðkomandi hlutar áður en sala fer fram, hjá framleiðenda, (eða) söluaðila eða með öðrum fullnægjandi hætti. Hlutturinn skal auglýstur á heimasíðu Akraneskaupstaðar og með öðrum þeim hætti sem eðlilegt verður talið hverju sinni og seldur þeim sem hæst verð býður að uppfylltum ákvæðum reglna þessara (átt er við verðmæti einstaka hluta, en ef verðmæti fjölda seldra hluta sem seldir eru samtímis er áætlaður yfir viðmiðunartölu skal fara eftir reglum hér að neðan).



Akraneskaupstaður

2) **Stærri lausafjármunir (> kr. 300.000.-)**

Beiðni um sölu eignar skal afgreidd í viðkomandi ráði. Þegar sala liggur fyrir skal tillaga um ráðstöfun söluandvirðis afgreidd í viðkomandi ráði og lögð fyrir bæjarráð til endanlegrar afgreiðslu.

Kannað sé verðmæti viðkomandi hlutar áður en sala fer fram, hjá framleiðenda (eða) söluaðila eða með fullnægjandi hætti. Hluturinn skal auglýstur á heimasíðu Akraneskaupstaðar og með öðrum þeim hætti sem eðlilegt verður talið hverju sinni og seldur þeim sem hæst verð býður að uppfylltum ákvæðum reglna þessara.

3) **Fasteignir, lóðir og lendur, bifreiðar, skráðar vinnuvélar o.þ.h. búnaður.**

Við sölu fasteigna, lóða og lands, tækja og búnaðar sem skráð er sem eign í opinberar landskrár s.s. fasteignasskrá, bifreiðaskrá, skipaskrá, lausafjárskrá eða aðrar opinberar landskrár skal fylgt eftirfarandi sölufærli:

Beiðni um sölu eignar skal afgreidd í viðkomandi ráði og samþykkt í bæjarráði áður en sölufærlið hefst. Í sölubeiðni skulu koma fram upplýsingar um væntanlegt verðmæti hlutarins sem byggir á meðal annars á forkönnun um verðmæti svo sem hjá framleiðenda (eða) söluaðilum eða með öðrum fullnægjandi hætti. Að fengnu samþykki um sölu skal eignin auglýst á heimasíðu Akraneskaupstaðar og með öðrum þeim hætti sem eðlilegt verður talið hverju sinni og seld hæstbjóðanda að uppfylltum ákvæðum reglna þessara. Þrátt fyrir að almennt skuli miðað við hæsta verð er bæjarráði heimilt að ákveða að við mat á tilboði megi taka tillit til annars en hæsta verðs enda verði skilmálar þar um samþykktir fyrirfram og kynntir væntanlegum bjóðendum.

Heimilt er að sölufærli bifreiða, skráðra vinnuvéla og þ.h. búnaðar að verðmæti < **kr. 1.000.000.-** sé meðhöndlað samkvæmt reglum 2 hér að ofan.

Sé um að ræða sölu fasteignar eða skráðri bifreið eða tæki er heimilt að fela löggiltum fasteigna- eða bílasala að annast sölumæðferð viðkomandi eignar, Einnig skulu viðkomandi eignir auglýstar á heimasíðu kaupstaðarins.

Ráðstöfun söluandvirðis samkvæmt þessum flokki skal ákveðin með formlegum hætti í bæjarráði og staðfest í bærarstjórn.

Samþykkt kauptilboðs í eignir í þessum flokki skal gert með fyrirvara um samþykki bærarstjórnar.

Þegar lausafjármunir og fastafjármunir sem skráðir eru í eignakerfi/efnahagsreikning Akraneskaupstaðar og stofnana hans hafa verið seldir skal tilkynna það til þjónustudeildar Akraneskaupstaðar. Eyðublað vegna sölu lausafjármuna og fasteigna (annarra en húseigna) skal fyllt út.



Akraneskaupstaður

Forstöðumaður viðkomandi deildar/stofnunar er ábyrgur fyrir söluferlinu og skal liggja fyrir samþykki næsta yfirmanns eða ráðs á sölunni áður en hún er fullnustuð. Rekjanleiki og gögn vegna sölunnar skulu tryggð.

Forstöðumenn og þeir starfsmenn kaupstaðarins sem koma að söluferli á hverjum tíma skulu hafa að leiðarljósi hæfisreglur sveitarstjórnarlaga og gæta þess vel að standa þannig að málum að ekki megi draga hæfi þeirra og hlutlægni í efa með réttu.

Fjármálastjóri annast eftirlit með sölu eigna Akraneskaupstaðar. Hann skal yfirfara gögn þegar uppgjör og færsla söluandvirðis fer fram í bókhaldi kaupstaðarins.

Þannig samþykkt á fundi bæjarráðs Akraneskaupstaðar 11. 9. 2014
Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar 23. 9. 2014

Akranesi, 23. september 2014

Regína Ásvaldsdóttir,
bæjarstjóri